

Nd. **190. Frumvarp til laga** [170. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 126/1984, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1986 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1986.

Gert er ráð fyrir að innheimta sérstaks tímabundins vörugjalds haldist óbreytt á næsta ári eins og innheimta ýmissa annarra óbeinna skatta, t. d. aðflutningsgjalda.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði tæpar 1 900 m.kr. á árinu 1986 en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1985 var innheimtan áætluð 1 580 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.